

um róðrartíma fiskibáta.

Flm.: Karl G. Sigurbergsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með reglugerð brottfarartíma allra þeirra báta til fiskiróðra, sem sækja til fiskjar, svo og setja ákvæði um eftirlitsskip og um samband bátanna við þau, eftir því sem þurfa þykir.

2. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélaga skulu hver um sig kjósa 3—5 bátaformenn til þess, ásamt skipstjórum eftirlitsskipa, að hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum þeim, er sett kunna að verða samkvæmt ákvæðum 1. gr.

3. gr.

Brot gegn reglugerð, sem sett kann að verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum frá kr. 5000.00—50 000.00. Ítrekað brot getur varðað missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 1 12. jan. 1945, um róðrartíma fiskibáta.

Greinargerð.

Lög þau, sem nú gilda um róðrartíma fiskibáta, eru frá árinu 1945. Breytingin, sem frumvarp þetta felur í sér, er veigamest í 1. gr., þar sem lagt er til, að ríkisstjórninni sé heimilt að ákveða með reglugerð róðrartíma fiskibáta yfirleitt, hvar sem er á landinu, eftir því sem ástæða þykir til. En samkvæmt núgildandi lögum er heimildin eingöngu bundin við veiðistöðvar við Faxaflóa.

Vegna ósamræmis í reglugerðum, sem í gildi eru, annars vegar reglugerð um róðrartíma fiskibáta í Grindavík, sem gefin var út af atvinnuáráðuneytinu 27. febr. 1953 samkvæmt lögum nr. 86 14. nóv. 1917, um fiskveiðasamþykktir og lendingasjóði, og hins vegar reglugerð um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa, sem út var gefin af sjávarútvegsráðuneytinu 21. febr. 1963 samkvæmt lögum nr. 1 12. jan. 1945, um róðrartíma fiskibáta, hefur komið til missættis og tíðra árekstra milli línubátamanna frá Grindavík og öðrum verstöðvum á Suðurnesjum.

Breyttir hættir í sjósókn og útgerð hafa valdið því, að þurft hefur að gefa út nú á undanförunum árum reglugerð um skiptingu veiðisvæða milli einstakra veiðarfæra í Faxaflóa og við Suðvesturland. Í þeim reglugerðum hefur línusvæðið aðallega verið ákveðið á svæði í kringum Eldey og Eldeyjarboða, eða á svokölluðu „Skerjasvæði“. Þetta hefur m. a. leitt til þess, að línusvæðið er takmarkaðra en ella hefði verið.

Sökum misræmis milli brottfarartíma báta frá verstöðvum samkv. núgildandi reglugerðum hafa hinar ýmsu verstöðvar á Suðurnesjum upp á misjafna aðstöðu að bjóða til hagnýtingar á nefndu línusvæði. Grindavík hefur þar séraðstöðu, sem heimamenn viðurkenna, að ekki hafi við nein eðlileg rök að styðjast.

Breytingin á 2. gr. tekur til fjölda þeirra eftirlitsmanna, sem tilnefndir eru af viðkomandi hreppsnefndum og/eða bæjarstjórnnum, þar sem lagt er til í þessu frumvarpi, að heimilt sé að tilnefna allt að 5 menn í stað 3 áður. Þetta er til komið vegna breyttra aðstæðna og hefur t. d. verið þannig í framkvæmd síðustu ár, að tilnefndir hafa verið 5 menn eftir beiðni skipstjórnarmanna sjálfra. Þykir því rétt að breyta lögnum hvað þetta ákvæði snertir til samræmis við venjur.

Breytingin á 3. gr. lýtur að samræmingu og hækkun á sektarákvæðum gildandi reglugerða.

Skipstjórar á Suðurnesjum fóru þess á leit við stéttarfélag sitt, þ. e. Skipstjóra- og stýrimannafélagið Vísi á Suðurnesjum, að það beitti sér fyrir samræmingu á nefndum reglugerðum um róðrartíma fiskibáta og helzt, að þær yrðu gefnar út sem ein reglugerð. En til þess að það sé hægt, þarf að breyta lögnum um róðrartíma fiskibáta á þann veg, sem hér er lagt til. Þ. e. að heimildin handa ríkisstjórninni til að gefa út sérstaka reglugerð verði almenn, en ekki takmörkuð við Faxaflóa einan.

Hér er því aðeins um sjálfsagða lagfæringu að ræða samkvæmt ósk þeirra manna, sem við lögin eiga að búa og starfa eftir þeim.